HEILBRIGÐISSTOFNUN
VESTURLANDS

AKRANES • BORGARNES • BÚÐARDALUR • GRUNDARFJÖRÐUR • HÓLMAVÍK • HVAMMSTANGI • ÓLAFSVÍK • STYKKISHÓLMUR

# Starf læknis í Stykkishólmi

## *Laus er til umsóknar staða læknis við Heilbrigðistofnun Vesturlands í Stykkishólmi.*

Starfið felur fyrst og fremst í sér verkefni á háls- og bakdeild með möguleikum á tengingu við störf í heilsugæslu. Hér er um framtíðarstarf að ræða. Áhugavert fyrir t.d sérfræðing eða verðandi sérfræðing í heimilislækningum með sérstakan áhuga á háls- og bakvandamálum, verkjameðferð og stoðkerfisvandamálum almennt.

Háls- og bakvandamálum er sinnt á sérstakri 13 rúma legudeild, sem tekur við sjúklingum af öllu landinu. Í tengslum við deildina er stunduð sérhæfð verkjameðferð með búnaði til gegnumlýsingar. Aðstaða til sjúkraþjálfunar og almennrar endurhæfingar eru mjög góð. Stofnunin er vel mönnuð sjúkraþjálfurum með breiða þekkingu á sviði endurhæfingar auk sérþekkingar og þjálfunar í greiningu og meðferð stoðkerfisvandamála. Á staðnum er rekin heilsugæslustöð, sem þjónar um 1200 manns. Rannsóknastofa vel tækjum búin er starfrækt. Þá eru þar starfrækt sjúkra- og hjúkrunarrými í rúmgóðu og vel búnu húsnæði. Aðstaða er til innlagna bráðveikra.

Umsókn skal fylgja ítarlegar upplýsingar um nám, starfsferil, rannsóknir og kennslustörf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og ríkisins. Við ráðningar í störf á HVE er ávallt tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

**Umsóknarfrestur er til 1. september 2016.**

Upplýsingar um starfið gefa Þórir Bergmundsson framkvæmdastjóri lækninga og rekstrar, GSM 8496987, tölvupóstur: thorir.bergmundsson@hve.is og Jósep Blöndal yfirlæknir Stykkishólmi, s. 4321200, tölvupóstur: josep@hve.is.

Umsókn ásamt upplýsingum um nám og fyrri störf sendist Guðjóni Brjánssyni forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Merkigerði 9, 300 Akranes.

SKESSUHORN 2016